




Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í nóvember 2015.
Nær til starfsemi í september 2015.



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	22.793.867.520	22.970.160.226	-176.292.706	99
Gjöld án fjármagnsliða	19.619.391.474	19.675.810.836	-56.419.362	100
Grunnskólar	4.514.154.768	4.413.650.496	100.504.272	102
Leikskólar	2.759.759.505	2.656.321.586	103.437.919	104
Félagsþjónustan	1.469.210.181	1.462.704.513	6.505.668	100
Menningarmál	322.659.638	324.702.701	-2.043.063	99
Æskulýðs- og íþróttamál	1.800.543.493	1.802.856.145	-2.312.652	100
Sameiginlegur kostnaður	716.759.850	721.866.972	-5.107.122	99

Rekstur helstu málaflokka



Fréttir




Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti einróma á fundi sínum þann 8. september að taka á móti flóttafólki og var bæjarstjóra falið að koma afstöðu bæjarins á framfæri við Velferðaráðuneytið. Í kjölfarið var Kópavogur valinn sem einn af móttökubæjum fyrsta hóps sýrlenskra flóttamanna.

Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari og Norðurheimskautsafari var útnefndur heiðurslistamaður Kópavogsbæjar og Jón Adolf Steinólfsson myndhöggvari bæjarlistamaður. Útnefningarnar voru kynntar við hátíðlega athöfn í Gamla Kópavogsbænum 10. september.





Nemendur í 8. og 9. bekk fengu afhentar spjaldtölvur í septemberbyrjun og þar með hófst spjaldtölvuvæðing grunnskóla Kópavogs af fullum krafti. Sjötti og sjöundi bekkur fær spjaldtölvur upp úr áramótum og síðustu tveir árgangar næsta haust.







Kópavogur tók í fyrsta sinn þátt í Hreyfiviku UMFÍ í ár en hún er hluti af stóru lýðheilsuverkefni sem fer fram um alla Evrópu dagana 21. til 27. september. Í tilefni vikunnar var boðið upp á alls konar viðburði tengda hreyfingu í Kópavogi.

Árshlutareikningur Kópavogs var lagður fram. Niðurstaðan var sú að rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar á fyrri hluta árs var í samræmi við fjárhagsáætlun. Gert hafði verið ráð fyrir 117 milljón króna tapi á tímabilinu en niðurstaðan varð 128 milljón króna tap. Skýringin er einkum lægri skatttekjur en áætlað hafði verið, líkt og hjá öðrum sveitarfélögum.















Velferðarmál










Ýmsar mælingar





Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML10 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. október. Tölur eru með launatengdum gjöldum.